



Borgarráð

Umsögn um framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um úttekt á framkvæmdum sem fara fram úr kostnaðaráætlun.

Á fundi borgarráðs 11. apríl sl. lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram eftirfarandi fyrirspurn:

„Fyrirspurnir vegna úttektar annarra verkefna sem farið hafa fram úr kostnaðaráætlun. Flokkur fólksins lagði fyrir stuttu fram tillögur um að Innri endurskoðun tæki út þrjár framkvæmdir með sambærilegum hætti og braggann, sem farið hafa umtalsvert fram úr fjárhagsáætlun. Þessar framkvæmdir eru Gröndalshús, vitinn við Sæbraut og Aðalstræti 10. Tillaga um úttekt á Gröndalshúsi var felld í borgarráði. Innri endurskoðun hefur upplýst að umsögn SEA kom ekki til skoðunar hans áður en hún var lögð fram. Spurt er af hverju kom umsögn SEA sem lögð var til grundvallar þess að tillögunni var synjað ekki til skoðunar Innri endurskoðunar áður en hún var lögð fram? Munu tillögur Flokks Fólksins um úttekt á vitanum við Sæbraut og Aðalstræti 10 koma til skoðunar IE áður en þær verða afgreiddar, felldar, vísað frá eða samþykktar?“

Umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar:

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar skilaði umsögn um tillögu flokk fólksins um úttekt á Gröndalshúsi þann 20 mars sl. í borgarráð. Í fundargerðum borgarráðs kom fram að óskað væri eftir umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar. Ekki var óskað eftir umsögn Innri endurskoðunar og var ekki gert athugasemd við þá málsmeðferð í borgarráði. Varðandi Aðalstræti 10 eru verkframkvæmdir ekki byrjaðar og framkvæmdum vegna vita við Sæbraut er ekki lokið.

Óli Jón Hertervig